



SKILALÝSING

Byggingaraðili:	MótX ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
Arkitekt:	Kristinn Ragnarsson hjá KRARK, Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
Burðarþolshönnun:	Einingaverksmiðja BM Vallá/Smellinn, Höfðaseli 4, 300 Akranes
Lagnahönnun:	Storð verkfræðistofa, Austurvegi 1-5, 800 Selfoss
Raflagnahönnun:	Rafteikn, Eyraavegi 32, 800 Selfoss

VOGATUNGA

Í Vogatungu í Mosfellsbæ er VSV ehf. að byggja raðhús og parhús á einni og tveimur hæðum, alls 32 hús. Húsin eru seld og afhent tilbúin til innréttinga, skv. ÍST 51:2001 byggingarstigi 5. Á því stigi er húsið tilbúið til að hefjast handa við að innrétta það.

Húsin eru steinsteypt, byggð úr vottuðum forsteyptum samlokueiningum frá einingaverksmiðju BM Vallár (áður Smellinn). Útveggir eru steinaðir og sléttir að hluta.

Frágangur utanhúss

Pak: Varmaeinangrun og rakavörn verður fullgerð og frágengin, klædd af og loftræst á þann hátt sem við á. Húsin verða frágengin að utan skv. byggingarlýsingu og uppdráttum. Þök og þakbrúnir verða fullgerðar og frágengnar með endanlegri yfirborðsáferð, ásamt rennum og niðurföllum.

Útveggir eru forsteyptar samlokueiningar frá Smellinn sem skiptast í þrjú lög: burðarvegg úr steypu, einangrun og veðurkápu. Þeir eru steinaðir og sléttir að hluta.

Gluggar og hurðir verða fullgerð með öllum hurðabúnaði. Gluggar verða áklæddir timburgluggar, fullgerðir með K-glerjum og gluggabúnaði.

Raflagnir verða ísteyptar skv. teikningu. Útiljós verða uppsett.

Lóðin verður grófjöfnuð með tvöföldu sorptunnuskýli.

Frágangur innanhúss

Húsin eru seld tilbún til innréttinga, skv. ÍST 51:2001 byggingarstigi 5.

Útveggir og þeir hlutar innveggja sem eru burðarveggir eru tilbúnir til sandspörtlunar. Léttir innveggir eru hljóðeinangraðir tré- eða málmgrindarveggir klæddir með gifsplötum og tilbúnir til spörtlunar.

Steyptar loftaplötur verða tilbúnar fyrir sandspörtlun.

Gólf verða frágengin í réttri hæð undir endanlegt gólfefni.

Rafmagn er fullfrágengið með greinatöflu í hverju húsi, m.t.t. vinnuljósa og uppsetts rafbúnaðar skv. teikningu. Heimtaug rafmagns verður tengd og frágengin. Pípur fyrir raf- og boðlagnir milli taflna og tengidósa verða fullgerðar. Vinnuljós verða tengd í hverju herbergi.

Lagnir: Fráveitulagnir innanhúss verða fullgerðar og frágengnar frá niðurföllum og þrifatækjum en leiðsluendar verða með lokum. Neysluvatnslagnir verða tengdar við stofninntak, fullgerðar og frágengnar að tækjum. Hitakerfi verður fullgert og frágengið fyrir utan „termo“. Loftventlar verða komnir.

Afhending húsa

Kaupandi og seljandi taka húsin út í sameiningu við afhendingu og sannreyna ástand hússins.

Breytingar geta haft áhrif á afhendingartíma til seinkunar.

Skipulagsgjald mun kaupandi greiða af eigninni þegar það verður lagt á.